

Mál nr. 231/2008

M og Líftryggingarfélagið X v/líf og sjúkdómatryggingar

Ágreiningur um hvort veikindi vátryggðs falli undir skilgreiningu á bótaskyldum vátryggingaratburði samkvæmt skilmálum vátryggingarinnar.

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 31.10. 2008, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 11.11. 2008.
- 3) Bréf nefndarinnar til lögmanns M, dags. 03.12. 2008, þar sem hjálagað fylgdi afrit af nefndu bréfi vátryggingafélagsins, til kynningar.
- 4) Viðbótarathugasemdir lögmanns M, dags. 12.12. 2008.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila.

M byggir á því að hann hafi við töku vátryggingarinnar á árinu 2003 fyllt umsóknina út eftir bestu vitund. Hann telur að um bótaskyldan vátryggingaratburð sé að ræða sbr. fyrirliggjandi gögn.

Vátryggingafélagið hafnar greiðsluskyldu. Félaginu hafi í framhaldi af bótakröfu borist læknisvottorð á árinu 2008. Félagið hafi að fengnu álit sérfræðinga félagsins og trúnaðarlæknis komist að þeirri niðurstöðu að veikindi M ætti ekki við “Meginslagæðar/Ósæðar aðgerð” sem kveði er á um í skilmálum. Því væri ekki um bótaskyldan sjúkdóm eða aðgerð að ræða skv. 6 – 7. gr. skilmála. Vegna þessa hafi bótakröfu verið hafnað.

Félagið getur þess og efnislega að ekki sé rétt það sem fram komi hjá M í málskotinu að rangar upplýsingar við tryggingatöku hafi orðið til þess að félagið synjaði um bótageiðslu. Kröfu um bætur hafi verið hafnað þar sem umræddur atburður falli ekki undir skilmála vátryggingarinnar sbr. 6. – 7. gr. Félagið getur þess að rangar upplýsingar “leiddu til herra iðgjalds og þess að iðgjaldafrelsi var undanskilið.”

M telur bótaábyrgð fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu. Hann telur að viðkomandi sjúkdómur falli undir 6.-7. gr. skilmála þar sem gerð hafi verið “skurðaðgerð á meginslagæð og við meginslagæð”.

Álit.

Í 7. gr. vátryggingarskilmála er fjallað um vátryggingaratburð og skilgreiningar. Þar kemur efnislega fram að vátryggingaratburður telst vera ef vátryggður fellur frá eða greinist með einhvern þeirra sjúkdóma eða gengst undir einhverja þeirra aðgerða sem fram koma í ákvæðinu. Meðal þess sem fjallað er um er “Meginslagæðar/Ósæðar aðgerð” þ.e. vátryggður hafi gengst undir skurðaðgerð til að laga þrengsli, rof eða æðagúlp á meginslagæð í brjósti- eða kviðarholi.

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum hefur ekki verið sýnt fram á að veikindi M falli undir einhvern þeirra vátryggingaratburða sem nefndir eru í 7. gr. skilmála vátryggingarinnar.

Rétt er að geta þess að fram kemur í bréfi váttryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 11.11. sl., að ekki sé rétt “það sem fram kemur í erindi málskotsaðila til úrskurðarnefndar í váttryggingamálum að rangar upplýsingar við tryggingatöku hafi orðið til þess að félagið synjaði bótageiðslu...” Kröfu um bætur hafi verið hafnað þar sem félagið telur að umræddur atburður falli ekki undir skilmála váttryggingarinnar.

Niðurstaða.

Ekki hefur verið sýnt fram á greiðsluskyldu þeirrar váttryggingar sem hér um ræðir.

Reykjavík 16. desember 2008

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.